

og fellur þá málskostnaður niður. En treysti stefndi sér eigi til að vinna svofeldan eið, greiðir hann áfrýjanda 1899 krónur með 5% ársvöxtum af upphæð þessari frá 19. ágúst 1911 til borgunardags og í málskostnað 60 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 25. ágúst.

Nr. 54/1912.

Kristján Torfason og Finnur  
Finnsson  
gegn

Karli Olgeirssyni fyrir hönd  
Edinborgarverzlunar á Ísafirði  
og Friðriki Tómassyni.

D ó m u r :

Þeir Kristján Torfason kaupmaður á Sólbakka og Finnur Finnsson bóndi í Hvilft, áfrýjendur þessa máls, voru með gestaréttardómi Ísafjarðarsýslu, uppkveðnum 21. okt. f. á., dæmdir til að greiða stefndu, Karli Olgeirssyni fyrir hönd verzlunarinnar Edinborg á Ísafirði og Friðriki Tómassyni útvegsbónda í Hnífsdal, eftirstöðvar af kaupverði fyrir sildarútveg eða tvenna sildarútvegi, kr. 375, með 5% ársvöxtum frá 1. okt. 1910 og kr. 450 með 5% ársvöxtum frá 1. jan. 1911, hvorttveggja til greiðsludags, en málskostnaður var látinn falla niður. Þessum

dómi hafa áfrýjendur með stefnu dags., 5. nóv. f. á., skotið til yfirdómsins og krafist, að honum verði breytt þannig, að þeir verði algerlega sýknaðir af kröfu stefndu, en til vara og þrautavara, að frá kröfunni verði dregnar kr. 920, eða kr. 700, eða kr. 350. Svo krefjast þeir og málskostnaðar fyrir báðum dómum.

Af annari hálfu hafa þeir Karl Olgeirsson og Friðrik Tómasson gagnáfrýjað málinu og krafist þess, að allar kröfur þeirra fyrir undirrétti verði teknar til greina og þeim dæmdar hjá áfrýjendum kr. 855 með umstefndum vöxtum og málskostnaður fyrir undirrétti að skaðlausu eftir reikningi og fyrir yfirdómi eftir réttarins mati, en til vara að gestaréttardómurinn verði staðfestur og þeim dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Krafa stefndu er bygð á samningi, er þeir — og þriðji maður, er hefir afsalað sér rétt sinn eftir samningnum til verzlunarinnar Edinborg á Ísafirði — gerðu við áfrýjendur og 3 menn aðra 23. apríl 1910 um kaup á síldveiðiáhöldum, er stefndu áttu. Hið selda var í samningnum tilgreint þannig: 1. Síldarútvegur sá, sem nú er kominn vestur á Flateyri; útveg þessum fylgir einn bátur, sem nú er á Ísafirði, og annar lítill bátur eða prammi, geymdur á Dvergasteini í Alftafirði. 2. Síldarútvegur konsúls P. M. Bjarnarsonar á Ísafirði eins og hann er nú, bæði hvað stærð og gæði varpnanna snertir, svo og annað, sem nefndum útveg tilheyrir. Kaupverðið var 1400 kr., er alt skyldi borgast s. á., kr. 475 fyrir lok júnímánaðar, kr. 475 fyrir lok septembermánaðar og kr. 450 fyrir lok desembermánaðar, og skyldu kaupendur allir fyrir einn og einn fyrir alla bera fulla ábyrgð á skilvísri greiðslu allrar upphæðarinnar. Fyrstu afborgun kr. 475.

greiddu kaupendur í agústmánuði 1910, en frá eftirstöðvunum, kr. 925, hafa stefndu dregið kr. 70, er þeir töldu vera andvirði fyrir bát, sem getið er í samningnum að fylgja átti Flateyrarútvegnum, en kaupendur fengu ekki, og var því krafa þeirra fyrir undirréttinum að upphæð kr. 855, en héraðsdómarinn taldi verð báts þess, er vantaði, kr. 100 og dæmdi því áfryjendur til að greiða að eins kr. 375 × kr. 450, eða samtals kr. 825 með vöxtum sem fyr segir.

Áfryjendur halda því nú fram, að stefndu hafi eigi af þeirra hálfu fullnægt samningnum 23. apríl 1910, svo að áfryjendur fyrir þá sök séu leystir frá samningnum, eða þá að stefndu verði að sætta sig við, að hið umsamda kaupverð verði fært niður samkvæmt framangreindum kröfum þeirra. Hafa þeir í þessu efni einkum talið það, að í þá tvo útvegi, sem stefndu seldu þeim, hafi vantað talsvert mikið til þess að talist gæti það, sem átt er við, þegar talað er um »sildarútveg«, að það af útvegnum, sem kom í þeirra hendur, hafi verið með öllu óhæft til notkunar við sildveiði, og að af því, sem sérstaklega er tiltekið í samningnum, hafi þeir aldrei fengið 2 nótabáta.

Eftir samningnum voru sildarútvegirnir 2, er seldir voru, en þegar á það er litið, að verðið á þeim báðum var sett aðeins kr. 1400.00, og að 2 nýir sildarútvegir, eftir því sem upplýst er í málinu, kosta um 7000 kr., gátu áfryjendur eigi búist við að útvegirnir væru fullkomnir eða í gildu standi, eins og þeir virðast vilja halda fram. En það verður einnig að ætla, að áfryjendur hafi vitað eða átt kost á að kynna sér, hvernig veiðiáhöld þessi voru, áður en þeir keyptu þau, og að þeir hafi keypt þau eins og þau voru, þegar samningurinn var gerður. Þetta er tekið fram berum orðum um Ísafjarðar-

útveginn (er P. M. Bjarnarson átti áður og seldi stefnda), og hinn útvegurinn, Flateyarútvegurinn, var mestallur kominn í vörzlur annars áfrýjandans, þegar kaupin gerðust. Áfrýjendur notuðu eitthvað af áhöldunum við síldveiðar sumarið 1910, og í ágústmánuði greiddu þeir 1. afborgun af kaupverðinu, án þess sannað sé, að þeir hafi borið sig upp út af göllum eða skemdum á þeim við seljendurna. Það er því engin heimild til að losa áfrýjendur við skuldbindingar þeirra eftir samningnum eða færa niður kaupverðið fyrir þá sök, að hinu selda hafi verið ábótavant, svo sem að eigi hafi fylgt nætur allar eða bátar, sem talið er til fullkomins síldarútvegs, eða það eigi orðið að svo fullum notum, sem þeir bjuggust við. Það eitt kemur því til álita, hvort áfrýjendur hafi fengið eða átt kost á að fá allt það, sem þeim var selt, þ. e. allt það, sem fylgdi eða fylgja átti útvegnum eins og þeir voru þegar kaupin gerðust. Áfrýjendur telja nú að vantað hafi af þessu 2 nótabáta á kr. 350.00 eða fyrir samtals kr. 700.00, 1 spilbát fyrir kr. 50.00 og ýmislegt fyrir kr. 70.00, eða áhöld alls fyrir kr. 920.00. Í kaupsamningnum er það eigi tiltekið hvað Ísafjarðarútvegnum fylgi, en hann er seldur eins og hann var þá með því sem honum tilheyrði. En áfrýjendur halda því fram, að í þessum útveg hafi, þegar þeir keyptu hann, átt að vera stór og góður nótabátur, nýviðgerður, er þeir hafi eigi fengið. En þó að telja megi sannað, að nótabátur eins og sá, er áfrýjendur lýsa, hafi fylgt útvegnum þegar hann var eign P. M. Bjarnarson, þá hafa stefndu eigi í samningnum tekið á sig neina ábyrgð á því, að bátur þessi væri til, þegar þeir seldu áfrýjendum útveginn og þá eigi heldur á því, að hann væri að gæðum eins og áfrýj-

endur lýsa honum. Það er nú hins vegar upplýst með vitnisburðum, sem áfrýjandi hefir tekið gilda sem eðfesta, að bátur þessi var til, þegar kaupin fóru fram, og var sendur áfrýjanda Kristjáni Torfasyni vorið 1910, þá að vísu orðinn óþéttur, af því að honum hafði verið hvolft úti um veturinn. Að öðru leyti hafa áfrýjendur eigi sýnt fram á, að neitt hafi vantað í útveg þenna, er honum fylgdi, þegar þeir keyptu hann.

Eftir því sem skilja verður samninginn höfðu áfrýjendur, þegar hann var gerður, meðtekið alt tilheyrandi Flateyrarútvegnum, nema bát og smábát eða pramma. Prammann meðtóku þeir síðar, en bátinn hafa þeir eigi fengið; hafa stefndu talið hann 70 kr. virði og dregið þá upphæð frá kaupverðinu, sem fyr segir, en áfrýjendur halda því fram, að þetta hafi verið nótabátur 350 króna virði. Þeir hafa þó eigi fært neinar sönnur á þetta, en framkomin vottorð, sem áfrýjendur hafa tekið jafngild og staðfest væru í rétti, styrkja það, að báturinn hafi eigi verið meira virði en stefndu telja, og virðist þá eigi heimild til fyrir þenna bát að draga frá eftirstöðvum kaupverðsins meira en 70 kr.

Samkvæmt þessu ber þá að taka til greina kröfu stefndu og dæma áfrýjendur til að greiða þeim kr. 405.00 með 5% ársvöxtum frá 1. okt. 1910, og kr. 450.00 með 5% ársvöxtum frá 1. jan. 1911, hvorttveggja til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði gestaréttardómsins samþykki, en málskostnað fyrir yfirdómi í aðal- og gagnsökinni þykir rétt að aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjendum, og ákveðst hann 40 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Áfryjendurnir Kristján Torfason og Finnur Finns-son greiði stefndu Karli Olgeirssyni, fyrir hönd Edinborgarverzlunar á Ísafirði, og Friðriki Tómassyni 405 kr. með 5% ársvöxtum frá 1. okt. 1910 og 450 kr. með sömu vöxtum frá 1. jan. 1911, hvortveggja til borgunardags. Um málskostnað í héraði skal gestaréttardóminum óraskað. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfryjendur stefndu 40 kr.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögregri birtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 9/1913. Ráðherra Íslands fyrir hönd landssjóðs-  
 gegn  
 Rúti og Eyólfi Þorsteinssonum.

#### D ó m u r:

Í máli þessu, sem er barnsfaðernismál, höfðað í héraði fyrir aðstoð lögreglustjórans í Rangárvallasýslu af stúlkunni Sofflu Sigríði Jóhannsdóttur í Varmahlíð í Vestur-Eyjafjallahreppi, gegn stefndu, bræðrunum Rúti og Eyólfi Þorsteinssonum á Hrútafelli í Austur-Eyjafjallahreppi, var dómur uppkveðinn 7. nóv. 1912 í lögreglurétti nefndrar sýslu, svohljóðandi: »Svo framarlega sem kærandi málsins, Soffla Sigríður Jóhannsdóttir, eftir löglegan tilbúning eiðsmáls á varnarþingi sínu treystir sér til þess að vinna